

# *Meistaránám, lagadeild og viðskiptafræðideild Háskóla Íslands*

## **Meistaránám í skattarétti og reikningsskilum**

Umsjón: Einar Guðbjartsson, dósent    eg@hi.is    sími 525 4326

(MA/MSc of Taxation and Accounting)

\*\*\*\*\*

### **MA/MSc nám í skattarétti og reikningsskilum**

MA nám í skattarétti og reikningsskilum er þverfaglegt meistaránám sem skipulagt er sameiginlega af viðskiptafræðideild annars vegar og lagadeild hins vegar.

Skipulag námsins er með þeim hætti að boðið er upp á námskeið í íslenskum og alþjóðlegum skattarétti, félagarétti, reikningshaldi, stjórnarsýsluendurskoðun, samstæðureikningsskilum, endurskoðun, ársreikningagerð og greiningu ársreikninga. Námslínurnar eru tvær, 90 ECTS einingar, sem er grunnnámslína meistaránámsins og 120 ECTS eininga námslína skv. sérstakri umsókn viðkomandi nemenda.

### **Tvær námslínur, lýsing.**

90 ECTS eininga námslínan er grunnurinn í MA skattarétti og reikningsskilum. 90 ECTS námslínan er ekki lánshæf vegna framfærsluláns skv. nýrri reglugerð er tók gildi í júlí 2009 hjá LIN (sjá LIN.is).

120 ECTS eininga námslínan byggir alfarið á grunninn 90 ECTS námslínunnar og er lánshæft nám vegna framfærsluláns hjá LIN. 30 ECTS einingar bætast við 90 ECTS grunninn, MA ritgerðin stækkar um 12 ECTS einingar, fer úr 18 ECTS í 30 ECTS einingar. Þessu til viðbótar bætast við þrjú valnámskeið á meistarastigi. Valið er bundið þannig að tvö valnámskeiðanna sem eru valin verða eru bundin við sitt hvora deildina, þ.e. eitt valnámskeið við viðskiptafræðideild og eitt valnámskeið við lagadeild. Þriðja og síðasta valnámskeiðið þá ræður nemandi í hvorri deild valnámskeiðið verður.



## Umsókn

Umsækjendur þurfa að hafa lokið BA prófi frá lagadeild Háskóla Íslands eða BS prófi eða BA prófi frá viðskiptafræðideild Háskólans eða öðru háskólanámi sem metið er jafngilt fyrsta háskólaprófi í sambærilegum greinum.

Umsóknarfrestur í námið rennur út 15. apríl 2010.

### Helstu hugtök í skattarétti:

Skattheimildir, skattar og stjórnarskrá, tekju- og virðisaukaskattur, stjórnslásla og réttarfar , skattyfirvöld, tvísköttunarsamningar, skattareglur EB, fjárfestingar milli landa, milliverðlagning og félagaréttur.

### Helstu hugtök í reikningsskilum:

Reikningsskil, reikningshald, alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, endurskoðun, alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar, greining ársreikninga, virðistækni, virðismat fyrirtækja og samstæðureikningsskil.





## 90 ECTS námslína (skyldunámskeið í báðum námslínunum)

### Innihaldslýsing í námskeiðum

Lögfræði

#### A Íslenskur skattaréttur:

##### 1. Almennur hluti (6 ECTS)

Í þessu námskeiði er fjallað um fræðigreinina skattarétt, skatthugtakið, skattheimildir, lögmætisreglu og skýringu skattalaga. Jafnframt er vikið að meginráttum íslensks skattkerfis og skattalöggjafar. Þá er fjallað um skatta og þjónustugjöld, ekki síst með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þessu næst er fjallað um skattskyldu lögaðila og manna og reifaðar helstu reglur um skattskyldar tekjur og eignir og frádráttarliði við ákvörðun skattstofna. Loks er fjallað um skattasniðgöngu og vikið að milliverðlagningu milli íslenskra fyrirtækja eftir því sem efni gefst til.

##### 2. Sérstakur hluti (6 ECTS)

Í námskeiðinu er fjallað um stjórnsýslu og réttarfar í skattamálum. Jafnframt eru reifuð helstu ákvæði um skattyfirvöld, framtöl, framtalsskyldu, upplýsingaskyldu, álagningu og endurákvarðanir. Þá er vikið að tekjuskattsútreikningum, afsláttum og barnabótum. Fjallað er um réttarreglur um virðisaukaskatt. Loks er fjallað um viðurlög og innheimtu gjalda þ.m.t. endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

#### B Alþjóðlegur skattaréttur:

##### 1. Almennur hluti (6 ECTS)

Í þessum hluta er fjallað um hugtakið alþjóðlegur skattaréttur, reglur þjóðaréttar um skattlagningarrétt. Þá eru tvísköttunarsamningar og samningsfyrirmynd OECD og aðrir samningar sem varða alþjóðlegar skattareglur svo sem Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum, samningar um upplýsingaskipti o.fl. Verða teknir til meðferðar. Að lokum er vikið skattareglum Evrópubandalagsins og þeim dómafordæmum sem þýðingu hafa. Loks er vikið að EES skattareglum og þeim dómum EB og EFTA dómstólanna sem þýðingu hafa.





## 2. Sérstakur hluti (6 ECTS)

Hér er fjallað um fjárfestingar og samskiptun fyrirtækja milli landa. Vikið er að CFC reglum í nágrannaríkjunum og þeim reglum sem gilda þar um magra eiginfjármögnun. Fjallað verður ítarlega um milliverðlagningu í alþjóðlegum skattarétti en hún er dæmigerð fyrir samstæður hlutafélaga. Leiðbeiningarreglur OECD hafa hér mikla þýðingu. Vikið er að EB og EES skattareglum og þeim dómum EB og EFTA dómstólanna sem þýðingu hafa.

### C Félagaréttur:

#### 1. Félagaréttur I (6 ECTS)

Hér er einkum um að ræða kennslu í hlutafélaga- og einkahlutafélagafélagarétti. Fjallað er m.a. um megineinkenni hlutafélaga og einkahlutafélaga og helstu atriði varðandi stofnun þeirra. Vikið er að hlutum og hlutabréfum, hækkun og lækkun hlutafjár og eigin hlutum. Þá tekur við fræðsla um félagsstjórn og hluthafafund. Þá er rætt um sjóði félaga og ráðstöfun þeirra og félagsslit. Vikið er jafnframt að samruna hlutafélaga og einkahlutafélaga og skiptingu þeirra. Loks verður fjallað um skaðabótaábyrgð sem einkum tengist stjórnunaraðila í hlutafélagi eða einkahlutafélagi.

#### 2. Félagaréttur II (6 ECTS)

Fjallað er um samstæðuhugtakið og þýðingu þess í íslenskum hlutafélagarétti og einkahlutafélagarétti. Vikið verður sérstaklega að því álitaefni að hvaða marki lán og tryggingar séu leyfilegar milli samstæðna. Mikilvæg spurning, sem rædd verður, er að hvaða marki móðurfélag geti stjórnað dótturfélagi. Því fylgir umræða um að hvaða marki móðurfélag beri ábyrgð á gerðum dótturfélags. Fjallað verður um eignarhaldsfélög og evrópskan samstæðurétt.





## Reikningsskil

### A Reikningshald:

#### 1. Ársreikningagerð A (6 ECTS)

Fjallað verður fjallað um helstu reglur og hugtök í reikningsskilum sem gilda samkvæmt IFRS (Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar) og ákvæðum íslenskra laga. Farið verður yfir formkröfur reikningsskila, rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi.

#### 2. Ársreikningagerð B (6 ECTS)

Fjallað verður m.a. um reikningsskilalega meðferð tekna og kostnaðar, meðhöndlun birgða, viðskiptakröfur, varanlega rekstrarfjármuni, óefnislegar eignir, virðisrýrnunarpróf, bókun áhættufjármuna og skulda, skammtímaskuldir, langtímalán og eiginfjárliði.

### B Endurskoðun:

#### 1. Endurskoðun I. hluti (6 ECTS)

Í námskeiðinu verður farið yfir grundvallarþætti endurskoðunar. Fjallað verður um lagalegt umhverfi og ábyrgð endurskoðenda, skipulagningu endurskoðunar, mikilvægi og áhættu við endurskoðun, meginþætti innra eftirlits og annað skylt efni. Farið verður yfir alþjóðlega endurskoðunarstaðla og þeir hafðir til hliðsjónar við lausn verkefna. Markmið með námskeiðinu er að kynna hlutverk endurskoðenda og mikilvægi endurskoðunar í viðskiptalífinu.

#### 2. Stjórnsýsluendurskoðun (6 ECTS)

Eðli og tilgangur stjórnsýsluendurskoðunar og sá hagfræðilegi grunnur sem hún byggir á, hvað greinir hana frá hefðbundinni endurskoðun og hverjar eru takmarkanir hennar og kostir. Leitast verður við að gefa innsýn í aðferðir og verkfæri stjórnsýsluendurskoðunar og beitingu hennar í opinbera geiranum hérlendis og víðar. Enn fremur að þátttakendur öðlist nokkurn skilning á grundvallaratriðum opinberrar stjórnsýslu og fjármálastjórnar og þeim eðlismun sem er á opinbera geiranum og einkageiranum.





## C Greining ársreikninga og samstæðureikningsskil:

### 1. Greining ársreikninga (6 ECTS)

Farið er í grundvallarhugtök í fjárfestingu og virðisgreiningu og í uppbyggingu ársreiknings. Farið er í hvernig reikningsskil geta haft áhrif á virðismat fyrirtækja. Farið verður í uppbyggingu á "grundvallar greiningu" (fundamental analysis). Samanburðar- og kennitölugreining (comparables multiple analysis) er aðferð þar sem hægt er að nálgast virði. Skoðað verður virðismat út frá, t.d. sjóðstreymi, hagnaði, umframhagnaði, eðlilegur hagnaði og ávöxtunarkröfu. Skoðað er uppbygging á rekstrar- og efnahagsreiknings, sjóðstreymi og eigið fé. Greining á arðsemi (þ.e.a.s. þeim möguleika sem fyrirtækið hefur til þess að skapa arðsemi fyrir hluthafana er mjög mikilvæg til þess að nálgast "hið rétta virði" fyrirtækisins. Farið verður í kennitölurnar P/E og P/B og þær skilgreindar. Í lokin eru reikningsskilaaðferðir skoðaðar og gæði ársreikninga metin og áhrif þessara þátta á virðismatið. Hópverkefni byggjast bæði á kennslufni og því efni er fram kemur í fyrirlestrunum.

### 1. Samstæðureikningsskil (6 ECTS)

Fjallað verður um gerð samstæðureikningsskila og í hverju þau er frábrugðið hefðbundnum ársreikningum. Samstæðureikningsskil eru mest útbreiddu reikningsskilin í kauphöllum um allan heim. Einnig verður tekið fyrir sameiningar og samrunar félaga og í hverju mismunurinn er fölginn. Viðskipti í erlendum gjaldeyri, umreikning úr einum gjaldmiðli yfir í annan og framvirkir samningar verða gerð skil. Starfsþáttayfirlit í ársreikningum t.d. fjölgreina fyrirtækja. Uppgjör og slit sameignarfélaga, útibúa og samrekstrar. Alþjóðlegum reikningsskilastaðalum (IFRS) verða gerð sérstök skil.

## Sameiginlegt framlag lagadeildar og viðskiptafræðideildar

Ritgerð á sviði lögfræði og/eða viðskiptafræði (18 ECTS).





Nemandi velur ritgerðarefni á sviði lögfræði og/eða viðskiptafræði sem er tengt meistaranáminu. Æskilegt er að ritgerðin taki mið af þverfaglegu námi.

### **Tímaáætlun námskeiða á misseri.**

#### **90 ECTS námslína**

Í 90 ECTS námslínunn eru 12 skyldunámskeið sem skiptist til helminga hjá viðskiptafræðideild og lagadeild. Hvert námskeið er 6 ECTS einingar. MA ritgerðin er 18 ECTS einingar, samtals eru þetta því 90 ECTS námseiningar.

Dagsetning og stofuskipan prófa í báðar námslínurnar verður auglýst með hefðbundnum hætti hvorrar deildar fyrir sig.

#### **Haust, fyrsta misseri:**

Íslenskur skattaréttur  
almennur hluti, 6 ECTS  
Íslensku skattaréttur  
sértaktur hluti, 6 ECTS  
Ársreikningagerð A, 6 ECTS  
Endurskoðun I. hluti, 6 ECTS

#### **Vor, annað misseri:**

Alþjóðlegur skattaréttur  
almennur hluti, 6 ECTS  
Alþjóðlegur skattaréttur  
sérstakur hluti, 6 ECTS  
Ársreikningagerð B, 6 ECTS

#### **Haust, þriðja misseri:**

Stjórnsýsluendurskoðun, 6 ECTS  
Félagaréttur 1, 6 ECTS  
Greining ársreikninga, 6 ECTS  
Ritgerð (byrjað á ritgerð) 6 ECTS

#### **Vor, fjórða misseri:**

Samstæðureikningsskil, 6 ECTS  
Félagaréttur 2, 6 ECTS  
Ritgerð (lok ritgerðar), 12 ECTS



**120 ECTS námslína****120 ECTS eininga námslína skv. sérstakri umsókn viðkomandi nemenda**

Við 90 ECTS eininga námslínuna bætist 30 ECTS einingar. Ritgerð stækkar um 12 ECTS einingar og þrjú valnámskeið á meistarastigi, alls 18 ECTS einingar. Nemandi veður að taka alls 30 ECTS einingar á misseri til þess að uppfylla kröfur LIN um námshæft framfærslulán.

Við bætist;

Ritgerð 12 ECTS

Valnámskeið nr. 1, 6 ECTS

Valnámskeið nr. 2, 6 ECTS

Valnámskeið nr. 3, 6 ECTS

-----

Alls 30 ECTS

**Haust, fyrsta misseri:**

Íslenskur skattaréttur  
almennur hluti, 6 ECTS

Íslensku skattaréttur  
sértaktur hluti, 6 ECTS.

Ársreikningagerð A, 6 ECTS

Endurskoðun I. hluti, 6 ECTS

**Valnámskeið nr. 1, 6 ECTS**

**Vor, annað misseri:**

Alþjóðlegur skattaréttur  
almennur hluti, 6 ECTS

Alþjóðlegur skattaréttur  
sérstakur hluti, 6 ECTS

Ársreikningagerð B, 6 ECTS

**Valnámskeið nr. 2, 6 ECTS**

**Valnámskeið nr. 3, 6 ECTS**

**Haust, þriðja misseri:**

Stjórnsýsluendurskoðun, 6 ECTS

Félagaréttur 1, 6 ECTS

Greining ársreikninga, 6 ECTS

**Ritgerð (byrjað á ritgerð), (12 ECTS)**

**Vor, fjórða misseri:**

Samstæðureikningsskil, 6 ECTS

Félagaréttur 2, 6 ECTS

Ritgerð (lok ritgerðar), 18 ECTS

Hvert misseri hefur því 30 ECTS einingar í námskröfur. Þau námskeið sem bætast við í 120 ECTS námslínunni eru feit- og skáletruð.